

Stjórnarfundur SKÍ

nr. 1662 – 11. apríl 2024, kl. 15:30 – 17:00 – fjarfundur

- Efni fundarins:** Sjötti stjórnarfundur SKÍ 2023 – 2025.
- Fundarstjóri:** Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).
- Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
- Þátttakendur:** Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftdar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri, Gísli Reynisson gjaldkeri, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar, Aðalsteinn Valdimarsson, formaður snjóþrettanefndar og Jón Egill Sveinsson varaformaður.
- Fjarverandi:** N/A.

Fundur settur kl. 15.37

Fundardagskrá

- 1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1661**
- 2. Fjárhagsmál**
 - Úthlutun afrekssjóðs og Lottó 2024
 - Styrkjakerfi FIS, hjál. minnisblað
 - Drög að uppgjöri íþróttagreina skíðaárið 2023-2024, áætlun fyrir nefndir og verkefni út árið 2024 og greiðslukerfi íþróttagreina
 - „Ábyrgðargreiðslur“ SKÍ gagnvart 3ju aðilum
- 3. Mótatöflur og önnur verkefni næsta skíðaárs**
- 4. Framkvæmd FIS móts í snjóþrettum 6. apríl sl.**
 - Erindi (kæra) Nönnu K. Pétursdóttur og minnisblað framkvæmdastjóra
- 5. „Freestyle“ og aðrar FIS-greinar sem SKÍ er með skráða iðkendur í (BHP)**
- 6. Samningur við Útivera vegna skíðagöngu**
- 7. Fundur, þing og ráðstefnur**
 - Dagsetning Skíðaþings 2024 – breytt dagsetning 20. og 21. september nk. á Ísafirði
 - FIS fundur í Portoroz í Slóveníu í byrjun maí nk.
 - FIS þing í Reykjavík 4. Júní 2024
- Scandinavian Cup á Íslandi**
- 8. Önnur mál**
 - Heiðranir. Afhending gullmerkis.
- 9. Næsti fundur**
 - Miðvikudaginn 8. maí nk.

Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1661

- a. Lagt fyrir á næsta fundi.

2. Fjárhagsmál

a. Úthlutun afrekssjóðs og Lottó 2024

- i. Lottó - Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um reglur um úthlutun tengt Lottó. SKÍ er í flokki tvö varðandi iðkendur og virk íþróttafélög og flokki sex er varðar tekjur.
- ii. Úthlutun afrekssjóðs – Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um að SKÍ fær fimmtán milljónir íheildina en greiðslur hafa verið að skiptast á milli mánaða. Mestu útgjöldin hjá SKÍ eru á vorin og því óskaði framkvæmdastjóri eftir að greiðslum yrði flýtt sem var samþykkt. Þátttaka á heimsmeistaramótum gefur styrk en við þurfum að skoða hvað það þýðir og hverju það skilar þegar við sendum fólk á heimsmeistaramót.

b. Styrkjakerfi FIS, hjál. Minnisblað

- i. Stjórn skoðar.

c. Drög að uppgjöri íþróttagreina skíðaárið 2023-2024, áætlun fyrir nefndir og verkefni út árið 2024 og greiðslukerfi íþróttagreina

- i. Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu íþróttagreina – yfirlit yfir hvað hver nefnd hefur sett fjármagn í o.s.frv. Tekið var saman hverju er óráðstafað, ekki búið að gera grein fyrir eða úthluta.
- ii. Brettanefnd er búin með sinn pening. Mikilvægt að brettanefndin ákveði í samstarfi við framkvæmda- og afrekssjóra hvernig skal klára útistandandi mál bæði gagnvart iðkendum og Way Academy.
- iii. Stjórnarmenn óska eftir því að framkvæmdastjóri og gjaldkeri komi með fullunna tillögu inn á næstu fund er varðar úthlutun til nefnda út tímabilið og fyrir það næsta miðað við skerðingar, það sem hefur verið eytt o.s.frv.
- iv. Formaður SGN tekur fram að mikilvægt sé að upplýsa iðkendur sem fyrst um hver staðan sé og að leggja fram áætlun með fyrirvara um nýjar upplýsingar eftir nk. fund 8. maí.
- v. Framkvæmdastjóri kallar eftir nákvæmari áætlunum út frá verkefnum nefnda.
- vi. Formaður AGN tekur fram mikilvægi þess að gjaldkeri setjist niður með framkvæmdastjóra SKÍ en reikna þarf hvernig mál standa hingað til. Hversu miklar skerðingar verða og hvað er þá eftir í kassanum svo formenn nefnda viti hvað á að miða við og hverju er hægt að vinna út frá. Mikilvægt að fá réttar tölur sem fyrst.
- vii. Formaður AGN lagði fram skjal fyrir fundinn sem skal færast til bókuar en framkvæmdastjóri gleymdi að láta skjalið fylgja með fundargögnum fyrir fundinn. Í skjalinu lýsir formaður AGN yfir verulegum áhyggjum af fjárhagsstöðu SKÍ þar sem virðist vanta utan umhald og heildarsýn á fjármál sambandsins. Þar lagði hann fram tíu atriði sem hann lagði til að kosið yrði um en meirihluti atkvæða stjórnar ræður úrslitum kosninga og afgreiðslu mála á stjórnarfundum skv. starfsreglum stjórnar.
- viii. Stjórn samþykkir að stöðva allt fjárstreymi út þangað til sanngirni er náð á milli nefnda og að loka skulu öllum kreditkortum á vegum SKÍ nema hjá framkvæmda- og afrekssjóra SKÍ. Bíða eða fresta skuli greiðslum þar til

staðan er orðin skýr. Formenn nefnda einnig sammála um að ef ein nefnd innan SKÍ er búin að fá hlutfallslega mest fyrir þetta / síðasta tímabil að þá þarf hún að taka því sem nemur í skerðingu fyrir næsta tímabil.

- ix. Umræðu um mikilvægi þess að gera þurfi betri grein fyrir greiðsluflæði úr sjóðum sambandsins. Formaður SGN segist ætla að semja við landsliðsþjálfara að fresta greiðslum.
- d. „Ábyrgðargreiðslur“ SKÍ gagnvart 3ju aðilum
 - i. Farið yfir stöðuna tengt Lowlanders og Way Academy. Hvernig hefur málum verið háttáð og hvernig verður það áfram veginn.

3. Mótatöflur og önnur verkefni næsta skíðaárs

- a. Framkvæmdastjóri fer yfir ásamt afreksstjóra og formönnum nefnda.
- b. Afreksstjóri fer í vinnu með framkvæmdastjóra að gera kostnaðarmat o.fl.
- c. Formaður AGN tekur fram að ekki sé hægt að gefa út mótatöflu fyrir AGN fyrr en um miðjan október vegna mótataflna erlendis – mikilvægt er að ekki séu árekstrar við verkefni erlendis til þess að tryggja sem besta þátttöku.

4. Framkvæmd FIS móts í snjóbrettum 6. apríl sl.

- a. Erindi (kæra) Nönnu K. Pétursdóttur - hjál. minnisblað framkvæmdastjóra fyrir fund.
- b. Framkvæmd mótsins til umræðu. Undirbúningur á samtölum við Bláfjöll og Hlíðarfjall varðandi þjónustu við brettaíþróttina.
- c. Hins vegar hefur SKÍ ekki umboð til þess að dæma um úrslit á vettvangi eða hlutast til um tæknileg atriði mótsins. Frestur til að leggja fram kæru var einnig ekki virtur.
- d. Málinu vísað til framkvæmdastjóra SKÍ til afgreiðslu.

5. „Freestyle“ og aðrar FIS-greinar sem SKÍ er með skráða iðkendur í

- a. Afreksstjóri SKÍ fer yfir og veltir upp þeirri spurningu hvort SKÍ vilji setja lágmörk fyrir „freestyle“ og aðrar greinar sem SKÍ er með skráða iðkendur í. Ef viðkomandi nær lágmörkum, hvað getur SKÍ þá gert fyrir eftirfarandi aðila. Gæti SKÍ þá sent viðkomandi á t.d. heimsmeistaramótið og hvernig yrði fjármagni í þær greinar úthlutað?
- b. Stjórnarmeðlimir sammála um að skynsamlegt væri að taka inn „freestyle“ sem nýja grein.

6. Samningur við Útivera vegna skíðagöngu

- a. Farið yfir drög að samningi við Everest þar sem 66 er ekki með skíðagöngufatnað. Leituðu til aðila til að fá tilboð í fatnað fyrir landsliðið og besta tilboðið kom frá Everest.
- b. Tillaga að heimilt sé að samþykkja þennan samning.
- c. Afreksstjóra, framkvæmdastjóra eða formanni SGN falið að skrifa undir samninginn eftir að tekið er tillit til tveggja breytingatillagna.

7. Fundur, þing og ráðstefnur

- a. Dagsetning Skíðaðings 2024 – breytt dagsetning 20. og 21. september nk. á Ísafirði
 - i. Breytt dagsetning formlega staðfest.
- b. FIS fundur í Portoroz í Slóveníu í byrjun maí nk.
 - i. Jónas tekur saman upplýsingar um kostnað við fundinn fyrir stjórnarmenn – flug, gisting, o.fl.
- c. FIS þing í Reykjavík 4. Júní 2024
 - i. Fært til bókar.
 - ii. Til umræðu hver ávinningurinn sé fyrir skíðasambandið. Formaður SKÍ fer yfir.

- iii. Fyrst og fremst viðurkenning fyrir skíðahreyfinguna að þingið sé haldið á Íslandi, vekja athygli á skíða íþróttinni hérlandis sem og erlendis.
- iv. Átta önnur lönd sem sóttu um að halda þingið, fyrsta sinn sem þetta er haldið á Íslandi.
- v. Mikilvægt að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi, halda góðu sambandi við aðila innan hreyfingarinnar og gera okkur gildandi á alþjóðavettvangi.
- vi. Kostnaðurinn fyrir SKÍ felst einungis í því að sækja fundinn – FIS sér um allan kostnað við að halda þingið sem er 100 ára afmælisþing.

8. Scandinavian Cup á Íslandi

- a. Formaður SGN fer yfir fer yfir. Scandinavian Cup haldið á Akureyri fyrir tveimur árum síðan, gert með miklum sóma en skilaði engu í kassann.
- b. Nú er komið að því að Íslandi að halda annað Scandinavian Cup mót árið 2025. Mikill lærdómur frá síðasta skipti sem við héldum mótið sem hægt er að nýta. Hlíðarfjall og SKA héldu mótið með miklum sóma síðast en treysta sér ekki til að halda mótið aftur. Eru reiðubúin að útvega starfsmann samt. Formaður SGN því í vandræðum með að finna mótshaldara – Reykjavík og Ísafjörður einu sem koma til greina. Kostar erlenda keppendur sem koma til landsins minna ef þetta er haldið í Reykjavík. Gæti virkað vel og skilað fjármagni í kassann ef vel er að þessu staðið rekstrarlega séð en annað hvort félag / klúbbur þarf að halda mótið.

9. Önnur mál

- a. Heiðranir. Afhending gullmerkis.
 - i. Formaður upplýsir stjórn um að Hauki Bjarnasyni hafi verið afhent gullmerki á Skíðalandsmótinu.
 - ii. Stjórn bent á að vera með opin augun og eyrun fyrir þeim sem hafa lagt skíðahreyfingunni lið.
 - iii. Þórunn Matthíasdóttir og Björn Víkingsson.

10. Næsti fundur

- a. Miðvikudaginn 8. maí nk.
- b. Ritari upplýsir stjórn um að hún komist ekki á þann fund.

Fundi slitið kl. 17.00.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð